



Ályktun 7. þings Samiðnar um kjara-, atvinnu- og efnahagsmál

Á komandi hausti lýkur 3 ára gildistíma kjarasamninga Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins. Við undirritun kjarasamninganna árið 2011 gerðu stéttarfélagin sér vonir um að framundan væri tímabil aukins hagvaxtar og vaxandi kaupmáttar samfara auknum fjárfestingum og minnkandi verðbólgu. Nú blasir við að þessum markmiðum hefur ekki verið náð. Verðbólga, óstöðugur gjaldmiðill og hækkandi verðlag hefur leikið heimilin illa ekki síst þau sem búa við miklar skuldir og erfiða fjárhagslega stöðu. Ábyrgð af efnahagsmistökum síðustu ára hefur þannig verið varpað á almennt launafólk. Í komandi kjarasamningum er mikilvægt að horft verði til lengri tíma og tryggð verði viðtæk samfélagssátt. Markmið með nýjum kjarasamningum verður að vera að kaupmáttur almennings fari stigvaxandi og verði sambærilegur við þær þjóðir sem Íslendingar bera sig saman við. Liður í þessu væri einföldun á skattkerfinu, lækkun vörugjalda og óbeinna skatta. Nauðsynlegt er að ávinningur efnahagsbata svo og svigrúm fyrirtækja fari í auknar launagreiðslur en ekki eingöngu arðgreiðslur eigenda.

Takist ekki að ná viðtækri sátt eru miklar líkur á að hér á landi verði áframhaldandi efnahagslegur óstöðugleiki.

Sýnilegt er að árangur kjarasamninga síðustu ára er ekki lausn á afkomuvanda heimilanna eða þjóðarbúsins.

Til að kjarasamningar hafi í för með sér raunhæfar kjarabætur þarf að tryggja efnahagslegan stöðugleika og breytta peningastefnu. Stilla þarf saman framleiðsluknúið atvinnu og efnahagslíf og þær lífskjarabætur sem það er fært um að skapa. Raunhæf peningastefna og lækkun vaxta er ein af forsendum þess að komið verði böndum á verðþenslu og verðlag. Nauðsynlegt er að ná þjóðarsátt um þessi markmið án tafar. Einungis atvinnulíf sem býr við trausta hagstjórn og stöðugan gjaldmiðil er fært um að skapa skilyrði til að bæta lífskjör til frambúðar.

Þing Samiðnar lýsir sig reiðubúið til samstarfs við önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda og stjórnvöld sem vilja koma á stöðugleika og bæta lífskjör í landinu. Aðeins með slíkri stefnubreytingu og þjóðarsátt um markmið verður aflétt gjaldeyrishöftum sem leggja dauðahönd á fjárfestingar í atvinnulífi þjóðarinnar.